

Helstu símanúmer:

Deildarstjóri heimahjúkrunar,
s. 432 1085.
Símatími virka daga kl. 08-09.

Netfang heimahjúkrunar :
heimahjukrun@hve.is

Vaktsími heimahjúkrunar:
896 6015.
Athugið að vaktsími
heimahjúkrunar er ekki neyðarsími
Vaktsíminn er opinn sem hér segir:
Um helgar kl. 09-14.
Öll kvöld kl. 18:30-22:30.

Fyrir utan þennan tíma er hægt að
lesa inn skilaboð í talhólf eða
senda tölvupóst á netfang heima-
júkrunar.

Breyting á högum:

Fari þjónustuhafi að heiman eða
verði breytingar á högum hans er
nauðsynlegt að láta heimahjúkrun
vita, í símatíma heimahjúkrunar,
með því að senda tölvupóst eða
tala inn á talhólf vaktsíma.

*Unnið af hjúkrunarfræðingum
heimahjúkrunar í apríl 2008.
Endursk. í maí 2015.*

SHA/rmbæk65

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

HEIMAHJÚKRUN



Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 431 1001
www.hve.is

Markmið heimahjúkrunar

Að gera einstaklingnum kleift að dvelja heima eins lengi og unnt er þrátt fyrir veikindi og/eða skerta færni.

Hverjir geta sótt um heimahjúkrun ?

Íbúar í umdæmi heilsugæslu-stöðvarinnar á Akranesi sem þurfa á einstaklingshæfðri hjúkrun að halda til að geta búið heima, við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir breytingar á heilsufari.

Umsókn um heimahjúkrun

Umsóknir geta borist frá einstaklingnum sjálfum, eða aðstandendum hans, símleiðis.

Deildarstjóri/hjúkrunarfræðingar heimahjúkrunar taka á mótí umsóknum.

Heimahjúkrun gefur sér allt að 72 klst fyrirvara á fyrstu vitjun til nýrra þjónustuþega.

Þjónusta heimahjúkrunar

Heimahjúkrun er vaktþjónusta og er veitt á eftirfarandi tímum:

| | |
|------------|-----------------|
| Virka daga | kl. 08-16 |
| Um helgar | kl. 09-14 |
| Öll kvöld | kl. 18:30-22:30 |

Hjúkrunarfræðingur kemur í fyrstu vitjun og metur hjúkrunarþörf, síðan er þjónustan skipulögð með tilliti til þarfa þjónustuþega.

Heimahjúkrun er fagleg þjónusta sem er breytileg eftir þörfum þjónustuþega.

Útskrift úr heimahjúkrun fer fram í samráði við þjónustuþega.

Hjálpartæki

Mikilvægt er að nýta sér þau

margvíslegu hjálpartæki sem í boði eru, bæði til þæginda fyrir þann sem þarf hjálp og þann sem hjálpina veitir.

Iðjubjálfi HVE Akranesi sér um að sækja um hjálpartæki fyrir þjónustuþega í samráði við heimahjúkrun.

Heimahjúkrun áskilur sér rétt til að krefjast notkunar á hjálpartækjum þar sem þau teljast nauðsynleg vegna heilsu starfsmanna.

Kostnaður

Heimahjúkrun er gjaldfrí þjónusta.

Einstaklingar sem fá heimahjúkrun þurfa að útvega öll áhöld sem nauðsynleg eru.

Athygli er vakin á eftirfarandi

Heimahjúkrun vinnur í náinni samvinnu við félagslega heimaþjónustu, dagþjónustu Dvalarheimilisins Höfða og deildir HVE Akranesi.

Markmið heimahjúkrunar er að eiga gott samstarf við þjónustuþega, aðstandendur og fagfólk.

Heimahjúkrun getur ekki dvalið hjá eða vakað yfir sjúklingnum.

Heimahjúkrun óskar eftir því að þjónustuþegar virði rétt starfsfólks um reyklaust vinnuumhverfi.